

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um 46 skifting Rauðasandshrepps í tvö sveitarfjelög. 20. apríl

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 12. febr. þ. á., hefir stjórnarráðinu borist erindi frá hreppsnefndinni í Rauðasandshreppi í Vesturbarðastrandarsýslu um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög ásamt meðmælum hlutaðeigandi sýslunefndar með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Rauðasandshreppi í Vesturbarðastrandarsýslu skal skift í tvö sveitarfjelög þannig, að annar hreppurinn nái yfir núverandi landareign Geirseyyrar og Vatneyrar samkvæmt landamerkjaskrá þessara jarða og nefnist Patrekshreppur, en hinn hreppurinn nái yfir hið annað svæði hins fyrra hrepps og haldi nafninu Rauðasandshreppur.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Rauðasandshrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Patrekshrepps komi $\frac{3}{5}$ hlutar, en í hlut Rauðasandshrepps $\frac{2}{5}$ hlutar, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, er síðar kunna til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

Þó er gjörð sú undantekning frá nýnefndri reglu, að Patrekshreppur fái til eignar og umráða hluta hins fyrra hrepps í skólahúsinu (Neistafjelagshúsi) með tilheyrandi skólaáhöldum, gegn því að taka að sjer skuld hans við sparisjóð Vesturbarðastrandarsýslu, að upphæð 1500 kr. Svo og að Rauðasandshreppur fái í sinn hlut $\frac{2}{3}$ úr jörðinni Móbergi gegn því að greiða Patrekshreppi 360 kr.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í Patrekshreppi en 3 í Rauðasandshreppi, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig kveði á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgjörða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Rauðasandshreppi sem dómpinghá nje mantalspinghá.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um endurveiting hlunninda handa sparisjóðinum í Húnavatnssýslu. 17. maí

Útaf beiðni, er hingað hefir borist frá forstöðunefnd sparisjóðsins í Húnavatnssýslu, vill stjórnarráðið hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1.

47 maí þ. á. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874 um
17. maí hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

48 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um skifting**
22. maí **ing Fáskrúðsfjarðarhrepps í tvö sveitarfjelög.**

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 25. f. m., hefir stjórnarráðinu borist erindi frá Fáskrúðsfjarðarhreppi í sýslu yðar um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög ásamt meðmælum sýslunefndarinnar með því, að skifting þessi verði leyfð.

Útaf þessu skal hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Fáskrúðsfjarðarhreppi í Suðurmúlasýslu skal skipt í tvö sveitarfjelög þannig, að takmörk annars hreppsins, sem nefnist Búðahreppur, sjeu þau, að landamerki milli jarðanna Búða og Kirkjubóls ráði að innan, og að utan 100 fadmar út fyrir grunn Íshússfjelags Fáskrúðsfjarðar með sjó fram og þaðan hornrjett lina til fjalls, en hinn hreppurinn nái yfir hið annað svæði hins forna hrepps og haldi nafninu Fáskrúðsfjarðarhreppur.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Fáskrúðsfjarðarhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift til helminga milli hinna nýju hreppa, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, er síðar kunna til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, sem einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Fáskrúðsfjarðarhreppi sem dómpinghá nje manntalspinghá.